

Jafnlaunastefna

Tilgangur og markmið jafnlaunastefnu er að stuðla að jafnrétti í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020. Skulu einstaklingar fá greitt fyrir störf sín út frá verðmæti starfa óháð kyni. Stofnunin tekur mið af kröfum til starfa og greiðir laun eftir umfangi og eðli þeirra. Launaákvörðanir skulu vera í samræmi við kjara- og stofnanasamninga og launakerfi stofnunarinnar, studdar málefnalegum rökum sem tryggja að sömu laun og sömu kjör séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Til þess að fylgja jafnlaunastefnunni eftir skuldbindur Samgöngustofa sig til að:

- Skjalfesta og viðhalda með eftirliti og stöðugum umbótum vottað jafnlaunastjórnunarkerfi í samræmi við kröfur staðalsins ÍST 85 og viðhalda jafnlaunavottun í samræmi við lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.
- Flokka störf út frá þeim kröfum sem þau gera og framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist óútskýrður kynbundinn launamunur.
- Kynna fyrir jafnréttisnefnd og öllu starfsfólki stofnunarinnar niðurstöður launagreiningar sem er til úttektar nema persónuverndarhagsmunir mæli gegn því.
- Fylgja ávallt lögum, reglum, kjara- og stofnanasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta árlega að þeim sé hlítt.
- Framkvæma innri úttekt á öllum útgefnum skjölum sem tilheyra jafnlaunastjórnunarkerfi eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.
- Árlega skal setja jafnlaunamarkmið og rýna virkni jafnlaunastjórnunarkerfisins í rýni stjórnenda.
- Hafa jafnlaunastefnu aðgengilega á ytri vef Samgöngustofu bæði fyrir starfsfólk og almenning.